

GJALDSKRÁ

**fyrir leyfisveitingar og þjónustu embættis skipulagsfulltrúa
og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.**

1. gr.

Byggingarleyfi skv. 43. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

	Fastgjald, kr.	pr. m ³
Íbúðarhús	18.500	100
Atvinnuhús	18.500	55
Skemmur	18.500	30
Sumarhús	11.000	270
Myndataka	3.900	

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er yfirferð aðaluppdráttu, útmæling, lögbundnar úttektir og myndataka.

2. gr.

Framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Lágmarksgjald skal þó að lágmarki vera 23.262 kr. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við undirbúning og lögbundið eftirlit. Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

3. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld.

	kr.
Viðurkenning meistara	4.900
Stöðuleyfi	8.000
Aukaúttekt	10.000
Stofnskjal	
<i>Grunngjald</i>	3.900
<i>Per landnúmer</i>	2.000

4. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2007 og breytast þau 1. janúar hvert ár til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Nr. 447

30. apríl 2008

Eldri gjaldskrár byggingarleyfisgjalda falla úr gildi við gildistöku nýrrar.

Laugarvatni, 30. apríl 2008.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2008